



STYRKUMSÓKN

Regnbogahátíð Hinsegin Austurlands fer fram dagana 15-23. júlí 2022, og óskum við eftir stuðningi frá ykkur.

Ýmsir viðburðir verða um allt Austurland en hátíðin var sett á Egilsstöðum föstudaginn 15. júlí kl 17. Talsverður kostnaður fylgir slíkri hátíð en öll vinna við hátíðina er unnin í sjálfboðavinnu félaganna. Fyrsta gleðiganga Egilsstaða var gengin af hátt í 200 manns ásamt því sem við máluðum regnbogagötu og buðum uppá hátíðarhöld og veitingar í Tjarnargarðinum. Við buðum uppá partý karokí á Seyðisfirði 15.júlí sem sló heldur betur í gegn auk þess sem við vorum með ávarp frá ráðherra og tónlistaratriði á fjölskylduhátíð LungA þann 16.júlí. Regnbogahátíðin verður einnig hluti af Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði 21.júlí þar sem við málum götu, göngum og verðum með andlitsmálningu ofl. Ásamt því að sameinast Druslugöngunni á Borgarfirði 23.júlí, mála regnbogastétt með góðum gestum ásamt tónlistaratriðum.

Markmiðið með Regnbogahátíðinni er að sameina Austurland í mannréttindabaráttu hinsegin samfélagsins og vera sýnilegust sem víðast í fjórðungnum. Við viljum að hátíðin standi undir kostnaði og erum með sölubás á stöðunum til að styrkja áframhaldandi starf félagsins.

Um félagið:

Hinsegin Austurland er sjálfstætt starfandi félag sem stofnað var 28. desember 2019.

Tilgangur félagsins er að vera stuðnings- og fræðslusamtök fyrir hinsegin fólk á Austurlandi, þar á meðal samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, transfólks, intersex og önnur sem skilgreina sig hinsegin, auk aðstandenda þeirra og velunnara. Hinsegin Austurland býður upp á fræðslu, ráðgjöf og viðburði sem lúta að hinsegin málefnum og styður við menningu hinsegin fólks á Austurlandi. Félagið vill vera sýnilegt og til staðar fyrir unga sem aldna sem telja sig þurfa á félaginu að halda. Hinsegin Austurland er með hagsmunaaðild að Samtökunum '78 og er tengiliður við samtökin um öll þau málefni sem óskað er eftir. Öllum er velkomid að að ganga í félagið og félagsfólk hefur kosninga- og framboðsrétt til stjórnar.



Ýmis kostnaður:

Kostnaður við hljóðkerfi + tónlistaratriði

Kostnaður við götumálningu

Kostnaður við andlitsmálningu, veitingar og skreytingar

Kostnaður við akstur

Félagið óskar því eftir styrk frá ykkur að upphæð: 100.000 kr.

Við munum setja inn þakkarpóst í lok hátíðar með logo-um þeirra sem gerðu okkur kleift að fagna fjölbreytileikanum í þessari mikilvægu baráttu.

Með fyrir fram þökk fyrir stuðninginn

fyrir hönd Hinsegin Austurlands

Tara Tjörvadóttir formaður